

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/601
komudagur 7.12.2006



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

7. desember 2006

Efni: Frumvarp til laga um iðnaðarmálagjald, 16.mál.

Umrætt frumvarp fjallar um niðurfellingu laga um iðnaðarmálagjald, nr.134/1993.

SVP telja að iðnaðarmálagjaldið sé atvinnurekendagjald sem í reynd sé ígildi skatts og innheimt með sama hætti og úrræðum og skattar. Það ríkir félaga-frelsi á Íslandi og fyrirtæki hljóta því að ráða hvaða hagsmunasamtökum þau fela það starf að gæta hagsmuna sinna og greiða í samræmi við það félagsgjöld til. Núverandi tilhögun iðnaðarmálagjalds getur ekki talist ásættanleg fyrir þau fyrirtæki sem standa utan Samtaka iðnaðarins og eru jafnframt að greiða félagsgjöld til annarra hagsmunasamtaka sem þau hafa kosið til að fara með sín mál.

Það ríkir ekki sátt um þetta gjald í atvinnulífinu og SVP telja því eðlilegt að það verði aflagt.

Virðingarfyllst,


Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri